



# Tækniupplýsingar

## ALLBÄCK LÍNSÁPA

### VÖRULÝSING

Í raun þarf aðeins eitt hreinsiefni til almennra heimilisþrifa, þ.e. línsápu frá Allbäck. Hana má nota á öll yfirborð svo og til persónulegra þrifa. Hún er framleidd úr sænskri, kaldpressaðri og hrárrí línolíu. Línsápan okkar er án allra aukefna og kemískra efna. Sýrustig (pH) óþynntrar línsápu er um 10. Hún hentar sem almennt hreinsiefni, í þvottavélar, eldhús, baðherbergi og á pensla, timbur/stein, bekki eða gólfefni úr plasti.

Línsápu má einnig bera á sár. Hún dregur úr sviða í minni háttar skeinum og ertingarblettum. Hluti línolíunnar sápast ekki en situr eftir sem verndarhúð á yfirborði. Einu tilvikin þar sem hún hentar ekki eru í uppþvottavélar og við gluggaþvott.

### VINNULAG

Línsápu má nota í margvíslegum tilgangi. Hún er þó fyrst og fremst umhverfismildur valkostur við þrif á flestum gerðum yfirborðsefna. Að jafnaði er notaður 1 dl af sápu í fulla vatnsfötu. Séu óhreinindi mikil er lausnin höfð aðeins sterkari.

Við hreinsun á nýju eða slípuðu trégólfi er það fyrst vætt með köldu vatni til að koma í veg fyrir blettamyndun. Síðan er gólfíð þvegið á venjulegan hátt með sterkri línsápublöndu. Látið þorna.

Sápuskúruð gólf getur þurft að skola með miklu magni vatns og/eða sjúga upp sápuvatnið með iðnaðarryksugu eigi að mála þau með línolíumálningu eða bera á þau línolíuvax. Gólf meðhöndluð með lút þarf að hlutleysa með þynntri ediksýru.

Erfiða bletti í textílefnum má væta með línsápu, nudda vel og láta bíða um stund áður en sett er í þvottavél.

Ryðgaðar og stirðar lamir á hurðum, gluggum eða skápum má hreinsa með línsápu með því að sjóða í sterkri sápulausn (50/50 sápa/vatn) í 1-2 klst. Látið síðan standa yfir nótt. Takið lamirnar upp úr lausninni, burstið undir vatnskranu og þurrkið. Málið síðan með línolíumálningu.

*Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun hvort varan hentar þeirra þörfum.*

